

Nd.

711. Nefndarálit

[160. mál]

um frv. til l. um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta fjallar um fimm meginatriði.

1. Hámarkshæð stíflu í Laxá hjá Brúum og líffræðilegar rannsóknir.
 2. Að óheimilt sé að virkja efsta hluta Laxár (Mývatnsvirkjun).
 3. Um bætur úr ríkissjóði til sameignarfélagsins Laxárvirkjunar.
 4. Rannsókn á vegum veiðimálastjóra á möguleikum til að koma upp laxveiði í efri hluta Laxár og mannvirkjagerð við það miðaða.
 5. Að endurskoðun fyrirbyggjandi áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og rannsókn möguleika til að virkja Skjálfafljót við Íshólsvatn sitji fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins.
- Minni hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt, en mun við 3. umr. flytja meiri háttar brtt. við frv.

Alþingi, 29. marz 1971.

Stefán Valgeirsson, Gísli Guðmundsson.
frsm.